

## Samþykkt um áskorun til Ríkis og sveitarfélaga um viðbrögð við einelti á vinnustöðum

Fimmta þing Kennarasambands Íslands krefst þess að vinnuveitendur kennara og stjórnenda uppfylli ákvæði í 7. grein reglugerðar um aðgerðir gegn einelti á vinnustað (1000/2004), sem Félagsmálaráðuneytið gaf út í samræmi við 38. grein laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, þar sem segir:

*Atvinnurekandi skal bregðast við eins fljótt og kostur er komi fram ábending eða kvörtun um einelti á vinnustað. Hið sama gildir þegar rökstuddur grunur er um að einelti eða önnur ótilhlýðileg háttsemi í garð starfsmanna eða stjórnenda eigi sér stað innan vinnustaðarins. [...] Atvinnurekandi skal grípa til viðeigandi ráðstafana og fylgja því eftir að einelti endurtaki sig ekki á vinnustaðnum.*

Það er lágmarkskrafa að hverju máli af þessu tagi, sem æðsti yfirmaður á vinnustað nær ekki að leiða til lykta innan eðlilegra tímamarka, sé hægt að skjóta til aðila sem getur ekki vísað því frá sér heldur ber að bregðast við og ljúka því innan afmarkaðs tíma. Ólíðandi er að tveir eða fleiri aðilar geti vísað hver á annan eða mál bíði lengi án neinnar niðurstöðu. Tryggja þarf eins og kostur er að sá sem umræddum málum er vísað til vinni faglega og hafi engin þau tengsl við málsaðila sem valdið geta vafa um sanngirni hans og hæfi.

Skýrar reglur um verklag við lausn eineltismála eru ein af forsendum þess að þolendur eigi þess raunhæfan kost að leita réttar síns.

### *Greinargerð með tillögunni*

Jafnréttisnefnd, siðaráð og vinnuumhverfisnefnd Kennarasambands Íslands tóku sig saman til að semja tillögu að ályktun sem lögð er fyrir fimmta þing KÍ með það fyrir augum að þessi viðkvæmu mál séu unnin hratt og vel af aðilum sem hafa til þess umboð og þekkingu.

Kannanir sem Fjármálaráðuneytið hefur látið vinna á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna benda til að einelti og áreitni, m.a. kynferðisleg áreitni, séu vandamál í ríkisreknum skólum.<sup>1</sup> Vísbendingar eru um að hliðstæð vandamál séu einnig í skólum sem reknir eru af öðrum en ríkinu og hafa Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Heilbrigðisráðuneytið nýlega látið vinna greinargerð um mögulegar aðgerðir gegn einelti í skólum og á öðrum vinnustöðum.<sup>2</sup>

Það er ekki verkefni stéttarfélaga kennara/stjórnenda að leysa vandamál af því tagi sem hér um ræðir. Þau liðsinna hins vegar félagsmönnum sínum ef þeir fá ekki úrlausn sem þeir eiga rétt á. Slík liðveisla verður auðveldari ef rétturinn er skýlaus og ótvíræður.

---

<sup>1</sup> Sjá Ágústa H. Gústafsdóttir. (2008), *Einelti meðal ríkisstarfsmanna: Niðurstöður könnunar á einelti meðal ríkisstarfsmanna*, Reykjavík: Fjármálaráðuneytið. Sjá einnig Ómar H. Kristmundsson. (2007), *Könnun á starfsumhverfi ríkisstarfsmanna 2006: Niðurstöður*, Reykjavík: Fjármálaráðuneytið.

<sup>2</sup> Sjá *Greinargerð um mögulegar aðgerðir gegn einelti í skólum og á vinnustöðum* (2010), Reykjavík: Félags- og tryggingamálaráðuneytið, Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Heilbrigðisráðuneytið.